

Forsætisráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi:	Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Kennarasamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga og samninganefnd ríkisins
Sendandi:	Forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra
Dagsetning:	15.11.2013
Málsnúmer:	FOR13110044
Bréfalykill:	2.1.1
Efni:	Undirbúningur kjarasamninga með áherslu á efnahagslegan stöðugleika og kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna sem og breytta umgjörð við gerð kjarasamninga

Áhersla á stöðugleika og kaupmátt heimilanna

Forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra sitja ásamt félags- og húsnæðismálaráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra í ráðherranefnd um kjarasamninga. Ráðherranefndin var tímabundið sett á laggirnar í ágúst sl. til að hafa yfirsýn yfir og safna upplýsingum um framgang kjarasamninga á almennum og opinberum vinnumarkaði. Minnisblað þetta er sett saman í tengslum við yfirstandandi kjarasamningalotu á almennum vinnumarkaði og væntanlega samningalotu á opinberum vinnumarkaði. Megináhersla stjórnvalda er að stuðla að breyttum og bættum vinnubrögðum með heildarsamtökum vinnumarkaðarins með stöðugt verðlag og aukinn kaupmátt ráðstöfunartekna heimila að markmiði.

Útlit er fyrir að í þessari lotu verði gerðir kjarasamningar til skamms tíma en fram hefur komið hjá aðilum vinnumarkaðarins að sá tími verði nýttur til að leggja grunn að efnahagslegum stöðugleika til lengri tíma. Þessi áhersla er byggð á vilja aðila vinnumarkaðarins til að semja um launabreytingar sem byggja á forsendum stöðugleika og lágra vaxta. Kostir þess að gera slíka kjarasamninga sjást ótvírætt í tölulegum gögnum í skýrslu aðila vinnumarkaðarins um efnahagsumhverfi og launaþróun í aðdraganda kjarasamninga.

Ráðherranefndin deilir þeirri sýn aðila vinnumarkaðarins að kjarasamningar með áherslu á kaupmátt og hóflegar launahækkningar séu best til þess fallnir að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Ráðherranefndin vill leggja sitt af mörkum til að þessi sameiginlega sýn verði að veruleika og til að svo verði skiptir mestu að:

- Kjarasamningar miðist við að halda verðbólgu í skefjum og framkvæmd þeirra taki einnig mið af því markmiði.
- Gengi krónunnar verði stöðugt og styðji við verðstöðugleika sem viðheldur kaupmætti, skapar svigrúm til vaxtalækkunar og eykur tiltrú í atvinnulífinu og vilja til fjárfestingar.
- Stefna stjórnvalda styðji við markmið um aukinn stöðugleika.
- Komið verði böndum á sjálfvirkar verðlagsbreytingar einkaaðila og opinberra aðila vegna hækkunar vísitölu neysluverðs.

Aðkoma ríkisstjórna að frágangi kjarasamninga

Samskipti ríkisins við aðila vinnumarkaðarins eru mikil og fjölbætt. Að öllu jöfnu eru þessi samskipti árangursrík og til þess fallin að skerpa sameiginlega sýn á heildarmynd efnahags-, velferðar- og vinnumarkaðsmála. Á undanförunum árum hafa þessi samskipti aukist mjög í aðdraganda kjarasamninga og niðurstaðan m.a. orðið ítarlegar yfirlýsingar ríkisstjórnar eftir strangar viðræður aðila.

Í aðdraganda að gerð kjarasamninga hafa aðilar vinnumarkaðarins horft til framtíðar og breyttrar umgjörðar við gerð kjarasamninga. Vilji er til að tryggja meiri aga og festu líkt og einkennir gerð kjarasamninga á Norðurlöndum hvort sem um er að ræða bein samskipti aðila vinnumarkaðarins eða tengsla kjarasamninga við efnahagsstefnu stjórnvalda. Skýrslan „*Kjarasamningar og vinnumarkaður á Norðurlöndum*“ sem kom út í mars 2013 er skref í þá átt að skilgreina meginþætti norræna samningamóðelsins og hlutverk ríkisins. Einnig þarf að skerpa sameiginlega sýn viðsemjanda á efnahagsmál og launabreytingar sem samrýmast stöðugleika og mikilvægi hlutverks ríkisins við að skapa samningum traustan grundvöll með ábyrgri efnahagsstefnu. Skýrslan „*Í aðdraganda kjarasamninga – Efnahagsumhverfi og launaþróun*“ sem kom út í október 2013 er afrakstur þeirrar vinnu.

Það er mat ráðherranefndarinnar að nýskipan við gerð kjarasamninga hljóti einnig að lúta að skýrari sýn en verið hefur á aðkomu ríkisstjórnar að frágangi samninga. Í því efni er ástæða til að horfa til hinna Norðurlandanna eins og á öðrum sviðum kjarasamningagerðar. Það er óumdeilt hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um kaup og kjör á vinnumarkaði á grundvelli forsendna um efnahagslegar aðstæður sem til staðar eru á hverjum tíma. Að sama skapi er mikilvægt að stjórnvöld hagi ákvörðunum sínum og stefnumörkun þannig að það styðji við slíka kjarasamninga. Yfirgripsmiklar yfirlýsingar ríkisstjórna um margvíslega þætti efnahagsmála sem sumir hverjir tengjast efni kjarasamninga með óbeinum hætti, og ríkisstjórn hefur jafnvel ekki stjórn á, eru til þess fallnar að draga úr ábyrgð aðila vinnumarkaðarins á sjálfri samningsgerðinni.

Tímabært er því að nota tækifærið við nýskipan kjarasamninga til að endurskilgreina samráðskerfið og skilgreina aðkomu ríkisstjórna að gerð og frágangi kjarasamninga. Það er t.d. hægt að gera með því að skipta samskiptum við aðila vinnumarkaðarins í tvo farvegi:

1. Reglubundin samskipti. Með reglubundnum samskiptum er átt við formlegt og óformlegt samstarf ríkisins og aðila vinnumarkaðarins sem verður að vera til staðar á hverjum tíma, óháð því hvort endurnýjun kjarasamninga sé á næsta leiti. Hér er t.d. átt við samstarf vegna vinnumarkaðsgerða, skattamála, svartrar atvinnustarfsemi, samspil menntakerfis og vinnumarkaðar, aðgerða til að draga úr misnotkun bótafjár og tekjutilfærslna, almannatrygginga og lífeyrismála og menntamála og eftir atvikum nefndarstarf eða stefnumörkun á sviðum sem hafa áhrif á aðila vinnumarkaðarins.
2. Efnahagsstefna í víðum skilningi. Með efnahagsstefnu í víðum skilningi er átt við þau viðfangsefni í almennri hagstjórn sem skipta mestu máli fyrir framgang kjaraviðræðna á hverjum tíma. Um þessar mundir er sameiginleg umfjöllun um áhrif stefnu stjórnvalda í peningamálum og húsnæðismálum mikilvæg fyrir framgang kjaraviðræðna.

Ráðherranefnd um kjarasamninga leggur til að komið verði á fót fastanefnd um samskipti ríkisins og heildarsamtaka aðila á vinnumarkaði. Hlutverk hennar yrði að hafa yfirsýn yfir regluleg samskipti ríkisins og aðila vinnumarkaðarins og vera vettvangur hugmynda og skoðanaskipta um sameiginleg hagsmunamál. Í nefndinni sitja fulltrúar þeirra fjögurra ráðherra sem skipa ráðherranefndina, Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Kennarasambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samninganefndar ríkisins. Ríkissáttasemjari gæti setið fundi fastanefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Í tengslum við það markmið aðila vinnumarkaðarins að efna til náins samráðs og samstarfs í vetur til að freista þess að leggja grunn að lengri kjarasamningum á næsta ári sem taki mið af lágrí verðbólgu og stöðugleika hefur ríkisstjórnin ákveðið eftirfarandi:

- Fjármála- og efnahagsráðherra mun skipa nefnd um gengis- og peningamálastefnu. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok júní 2014.

- Fjármála- og efnahagsráðherra mun tryggja reglubundin samskipti við samtök launþega og atvinnurekenda um megináherslu í áætlun í ríkisfjármálum sem miði annars vegar að breiðri sátt um tekju- og útgjaldaramma og hins vegar að því að ná jöfnuði í ríkisfjármálum til skemmri tíma litið og lækkun opinberra skulda til lengri tíma litið.
- Á vegum fjármála- og efnahagsráðherra starfar nefnd aðila vinnumarkaðar um endurskoðun og jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Mikilvægt er að nefndin ljúki störfum með tillögum að lagabreytingum á yfirstandandi þingi.
- Félags- og húsnæðismálaráðherra mun skipa nefnd um mótun vinnumarkaðsstefnu og skipulagi vinnumarkaðsmála svo stuðla megi betur að velferð þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði sem og að tryggja virka þátttöku sem flestra á vinnumarkaði í því skyni að auka samkeppnishæfni Íslands, m.a. með hliðsjón af tillögum verkefnastjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld. Þannig verði m.a. könnuð þörf fyrir sértækar vinnumarkaðsaðgerðir til að skapa störf í samræmi við menntun og skoðaðir möguleikar á aðgerðum til að laða sérhæft vinnuafli til starfa á íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir lok árs 2014.
- Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur skipað sérstakan samvinnuhóp um mótun húsnæðisstefnu þar sem markmiðið er að tryggja heimilum landsins val og öryggi þegar kemur að húsnæðismálum en samvinnuhópurinn mun skila á verkefnisstjórn tillögum fyrir miðjan desember. Við mótun endanlegra tillaga verkefnisstjórnar verður haft náið samráð við samtök aðila á vinnumarkaði.
- Mennta- og menningarmálaráðherra móti, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, aðgerðir um þróun iðn-, starfs- og tæknimenntunar sem byggja á fyrirliggjandi tillögum, m.a. í skýrslu OECD. Einnig verði mótaðar tillögur um aukin tækifæri til náms fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Fylgt verði eftir aðgerðum sem nú eru hafnar til að draga úr brottfalli úr formlegu námi á framhaldsskólastigi. Aðgerðaáætlun liggja fyrir í lok mars 2014.

Samandregið þá felst aðkoma ríkisstjórnarinnar annars vegar í tillögum um samstarfsform og hins vegar í aðkomu samtaka aðila á vinnumarkaði að umræðum um ákveða efnisflokka. Aðkoma ríkisstjórnarinnar er háð þeim skilyrðum að víðtæk samstaða skapist á milli heildarsamtaka á almennum og opinberum vinnumarkaði sem og ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga um sameiginleg markmið um stöðugleika og vinnubrögð og að niðurstaðan verði í samræmi við upphafleg markmið. Ef slík samstaða næst ekki mun ríkisstjórnin óhjákvæmilega endurskoða aðkomu sína.

Ráðherranefndin ítrekar að kjarasamningar með áherslu á kaupmátt og hóflegar launahækkningar séu best til þess fallnir að stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Kannanir benda ótvírætt til vilja almennings til slíkra kjarasamninga. Nú gefst kærkomið tækifæri til að vinna saman að því að auka stöðugleika og kaupmátt til lengri tíma og bæta þannig samkeppnishæfni Íslands.